

**121. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn föstudaginn
10. maí 2019 að Kirkjubóli, Bjarnardal og hófst hann kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Smári Haraldsson (SH) formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) verkefnastjóri, Hulda Birna Albertsdóttir (HBA) starfandi forstöðumaður, Sigríður Gísladóttir (SG) og Þórir Sveinsson (ÞS).

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð 120. fundar stjórnar NAVE frá 24. apríl 2019.
Fundargerðin staðfest samhljóða.

2. Fundargerðir NAVE.

Lagðar fram endurgerðar fundargerðir 110., 112., 114., 115., 116. og 117. funda stjórnar NAVE í ljósi persónuverndarsjónarmiða.
Fundargerðirnar staðfestar samhljóða.

3. Ársreikningur NAVE 2018.

Lagður fram ársreikningur NAVE 2018. Rekstrartekjur voru 89,6 millj.kr., rekstrarútgjöld 88,6 millj.kr. og afgangur frá rekstri 1,0 millj.kr.
Ársreikningurinn staðfestur samhljóða.

4. Ársfundur aðildarsveitarfélaga NAVE 2019.

Lögð fram ársskýrsla NAVE 2018 ásamt dagskrá ársfundar aðildarsveitarfélaga (eigendasveitarfélaga) NAVE fyrir árið 2019 sem haldinn verður föstudaginn 10. maí 2019 í Félagsheimilinu á Þingeyri og hefst kl. 12:40.
Farið var yfir dagskrá fundarins og samþykkt að leggja til við ársfundinn að skipa Jón Pál Hreinsson, bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar sem fundarstjóra og Þóri Sveinsson sem fundarritara.

5. Viðbótarframlög úr ríkissjóði til NAVE.

Rætt um endurnýjaðan rekstrarsamning við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um viðbótarframlag úr ríkissjóði á árinu 2019 og 2020. Framlög eru áætluð 10 millj.kr. hvort árið.

6. Stofnanasamningar.

Lagðir fram stofnanasamningar milli FÍN, Félags íslenskra náttúrufræðinga, og NAVE, annars vegar sem gildir frá 1. júní 2016 til 31. desember 2017 og hins vegar frá 1. janúar 2018.
Samningarnir samþykktir samhljóða og formanni falið að undirrita þá fyrir hönd stjórnar.

7. Stefnumótun fyrir NAVE.

Á ársfundi NAVE 2019 föstudaginn 10. maí munu FM og SH kynna drög að nýrri stefnumótun og framtíðarsýn fyrir Náttúrustofu Vestfjarða. Á ársfundinum verður lýst eftir hugmyndum að mögulegum samstarfsverkefnum við sveitarfélögin.
Þá var rætt um mögulegar skipulagsbreytingar á starfsemi NAVE í ljósi nýrrar stefnumótunar og framtíðarsýnar fyrir Náttúrustofuna.
SH falið að vinna áfram að málinu.

8. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.

Smári Haraldsson (sign.).

Friðbjörg Matthíasdóttir (sign.).

Hulda Birna Albertsdóttir (sign.).

Sigríður Gísladóttir (sign.).

Þórir Sveinsson (sign.).